

Búnaðarbanki Íslands hf. - Fyrirtækjafréttir
Einkavæðing Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, fyrir hönd viðskiptaráðherra, óskar eftir tilkynningum frá áhugasómum fjárfestum um kaup á a.m.k. 25% hlut í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Leitað er eftir fjárfesti, innlendum eða erlendum, með það að markmiði að efla bankann og samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Í tilkynningunni skal gera grein fyrir fjárhagsstöðu, þekkingu og reynslu á fjármálamarkaði, eignarhlut sem viðkomandi óskar eftir kaupum á, hugmyndum um staðgreiðsluverð og áformum varðandi rekstur þess banka sem áhugi er á. Kaupendur skulu uppfylla skilyrði um hæfi eigenda virkra eignarhluta, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði. Einnig er bent á ákvæði samkeppnislaga nr. 8/1993. Tekið er fram að framangreindur hlutur verður einungis seldur í öðrum bankanum nú ef viðunandi verð fæst og viðræður leiða til sölu. Stefnt er að því að hlutur í hinum bankanum verði seldur síðar á árinu.

Nöfn þeirra sem óska eftir viðræðum verða kynnt opinberlega þegar tilkynningarfræstur hefur runnið út og verða óskir um nafnleynd ekki virtar.

Tilkynningum skal skilað fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 25. júlí nk. til:

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu
Fjármálaráðuneytinu
Arnarhvoli
150 Reykjavík